

Samstarf leikskólans Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna 2024 – 2025

Íþróttir

Á Hofsósi fer skólahópur einu sinni í viku (fimmtudaga kl. 10:10-11:10) í íþróttir með 1. bekk. Á Hólum verða vikulegir aldursskiptir íþróttatímar á föstudögum.

Heimsókn í leikskólann

1.-2. bekkur fer í heimsókn í leikskólann að hausti (fyrir 16. september sem er dagur íslenskrar náttúru) og aftur í lok október (í kringum hrekkjavöku).

Dagur íslenskrar náttúru

Dagur íslenskrar náttúru (í kringum 16. september) verður haldinn á Hofsósi fyrir 5 ára og 1.-2. bekk. Kennarar og deildarstjórar skipuleggja daginn en hann verður útivið.

Sveitaferð

Skólahópur leikskólans fer með yngsta stigi grunnskólans í sveitaferð að vori (apríl eða maí).

Sögustund

Skólahópur leikskólans á Hofsósi kemur í grunnskólann í sögustund með 1.-2. bekk á mánudagsmorgnum kl. 8:50.

Lestur í leikskóla

Nemendur af miðstigi fara tvisvar í viku í leikskólann og lesa fyrir leikskólabörnin.

Leikskólaval

Nemendur á unglíngastigi geta valið að fara yfir á leikskólann í valgrein vikulega.

Danssýning

Í lok danskennslu er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dansa fyrir foreldra og aðra gesti í Höfðaborg. Danssýningin verður á síðasta degi dansviklu á vorönn fimmtudaginn 13. febrúar 2025. Lítil sýning verður í leikskólanum á Hólum á miðvikudeginum.

Öskudagur

Á öskudaginn tekur allur skólahópur leikskólans þátt í dagskrá grunnskólans. Á mánudagsmorgninum koma þau inn í söngæfingu fyrir öskudaginn. Sömu lög æfð á Hólum.

General prufa

Eldri nemendur leikskólans er boðið að koma sem áhorfendur á generalprufur hjá yngsta- og miðstigi skv. skóladagatali.

Skólaheimsóknir

- Bolludagur, sprengidagur og öskudagur er skólahópur með 1.-2. bekk hluta úr degi.
- Skólahópur verður í eina viku með yngsta stigi og tekur þátt í almennu skólastarfi 5.-9. maí 2025. Þá fá þau kynningu á helstu námsgreinum grunnskólans s.s. verklegar greinar (smíðar, textíl, heimilisfræði), listgreinar (tónmennt, myndlist) og bókleg fög.

Dagur íslenskrar tungu

Fimmtudagurinn 14. nóvember 2024 er dagskrá vegna dag íslenskrar tungu. Stefnt á að skólahópur taki þátt í því. Tveir dagspartar sem skólahópur kæmi í grunnskólann.

Þemadagar

Skólahópur tekur þátt í þemadögum að vori með yngsta stigi.

Útskrift og skólaslit

Útskrift elsta árgangs leikskólans fer fram á skólaslitum grunnskólans á Hofsósi þann 30. maí 2025. Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans tekur formlega við nýjum nemendum og býður þá velkomna.

Skila- og samráðsfundir

Í lögum um leikskóla nr. 126/2011 16. gr kemur fram að persónulegar upplýsingar sem liggja fyrir í leikskóla um hvert barn og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, eigi að fylgja barninu í grunnskólann. Foreldrum er gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun en leikskólinn afhendir þeim *Skólabrúna* þar sem upplýsingar um barnið er að finna. Í *Skólabrúnni* er að finna upplýsingar um almenn atriði, almennan þroska, félagsþroska, málþroska, líkams- og hreyfiþroska sem og ef einhverjar aðrar upplýsingar þarf að koma á framfæri.

Stefnt er að skilafundi vegna yfirfærslu milli leikskóla og grunnskóla á Hofsós þriðjudaginn 19. ágúst 2025 kl. 9:00-11:00 og í framhaldinu verður samráðsfundur vegna samstarfs leik- og grunnskóla.